



**Varðandi:** Endurskinsmerki  
**Málsnúmer:** 1901365  
**Dagsetning:** 12. nóvember 2019

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármuna að fjárhæð kr. 500.000 vegna samstarfsverkefnis við Íþróttabandalag Akraness (ÍA) sem felst í sameiginlegum kaupum á endurskinsmerkjum sem gefnir yrðu til allra barna á Akranesi. Heildarkostnaður verkefnisins er 1 mkr. sem skiptist á milli Akraneskaupstaðar og ÍA. Endurskinsmerkin verða merkt Akraneskaupstað og ÍA.

---

**GREINARGERÐ:** Hér er um ræða annað verkefni milli Akraneskaupstaðar og ÍA þar sem verið er að gefa til samfélagsins. Árið 2017 gáfu þessir aðilar í samvinnu fjölnotapoka inná öll heimili á Akranesi og fékk það verkefni mjög svo góðar undirtektir.

Samstarfið gekk mjög vel og viljum við endurtaka leikinn með gjöf til barna á Akranesi.

Heildarkostnaður við framleiðslu er kr. 1.000.000 og er þá búið að reikna með að dreifing fari fram innan skólasamfélagsins og að því fylgi sérstakt upplýsingablað, sem útbúið verður sameiginlega.

Kostnaður skiptist jafnt á milli aðila, eða kr. 500.000 á hvorn um sig.

Virðingarfyllt,

---

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir,  
verkefnastjóri